

C 4/2021/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefnd

Eftirlitsnefndt eftirlitsnefndar um

Skýrslu Ríkisendurskoðunar til Norðurlandaráðs um ársreikninga Norðurlandaráðs fyrir árið 2020**Tillaga**

Gerð er tillaga um að:

Eftirlitsnefndin samþykki drög skrifstofunnar að nefndaráliti og að

Eftirlitsnefndin leggi til að Norðurlandaráð samþykki að taka mið af ársreikningnum og endurskoðunarskýrslu fyrir Norðurlandaráð 2020.

Enn fremur að

Eftirlitsnefndin leggi til að Norðurlandaráð fylgi eftir athugasemdum og ábendingum Ríkisendurskoðunar Danmerkur.

Bakgrunnur

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur lokið endurskoðun á ársreikningi Norðurlandaráðs fyrir 2020.

Afkoma ársins 2020 sýnir hagnað sem nemur 6,3 m. DKK, en árið 2019 var hagnaður 3,2 m. DKK.

Heildartekjur námu 37,8 m. DKK en 2019 voru þær 37,0 m. DKK. Tekjurnar eru aðallega til komna vegna framlaga þjóðþinganna, 34,2 m. DKK. Framlög landanna eru ákvörðuð út frá skiptingu sem forsætisnefnd ákveður.

Heildarútgjöld lækkuðu um 2,0 m. DKK í 31,8 m. DKK, en árið 2019 voru þau 33,8 m. DKK.

Eigið fé Norðurlandaráðs er 14,1 m. DKK. Árið 2019 nam það 9,6 m. DKK og samsvarar hækkunin 4,5 m. DKK. Af heildar eigin fé ákvað forsætisnefndin að verja 3,3 m. DKK í sérstök verkefni (bundið fé).

Endurskoðun Ríkisendurskoðunar nær einnig til styrkjaáætlunar fyrir þingmenn frá grannsvæðum Norðurlanda. Grannsvæðaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar fjármagnar styrkjaáætlunina en umsýsla hennar á höndum Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2020 var 0 DKK varið til áætlunarinnar og rekstrarhalli hennar nam 1000 DKK við árslok.



Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun Danmerkur samþykkir ársreikninga Norðurlandaráðs í núverandi mynd og gefin verður út áritun endurskoðanda á ársreikningana án fyrirvara eða ábendinga.

Ríkisendurskoðun Danmerkur telur ársreikningana gefa glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2020.

Ríkisendurskoðun Danmerkur telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Ríkisendurskoðun vekur þó athygli á nokkrum öðrum atriðum sem eru tekin með hér í heild sinni:

[...]“5. Í þessum kafla förum við yfir nokkur atriði sem komið hafa í ljós við endurskoðun á Norðurlandaráði (NR).

6. Norðurlandaráð hefur gert umsýslusamning við Norrænu ráðherranefndina sbr. 40. lið. Samningurinn varðar m.a. launa-, upplýsingatækni- og fjármálasvið. Því hafa aðstæður í fjármálastjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar áhrif á ársreikninga Norðurlandaráðs m.m.

Norræna ráðherranefndin tók nýtt fjárhagskerfi í notkun 1. maí 2019. Framkvæmdin hefur reynst erfiðari en ráð var gert fyrir. Það hefur leitt til þess að Norræna ráðherranefndin hefur ekki haft virka verkferla og eftirlit með reikningshaldi fyrir Norðurlandaráð frá 1. maí 2019 til 31. desember 2020; þ.e.a.s. fyrir meginhluta reikningsársins 2019 og allt reikningsárið 2020.

Það hefur einnig valdið því að Norræna ráðherranefndin hefur þurft að beina miklum kröftum að innleiðingu og leiðréttingum á nýja kerfinu fremur en að tryggja daglega stjórnun fjármála og reikningshalds. Afleiðingar þessarar forgangsröðunar eru þær að Norðurlandaráð hefur ekki haft rétt bókhald á tímabilinu og ekki traustan grunn til að stjórna fjármálum sínum á reglubundinn hátt.

7. Samkvæmt fjárhagsreglunum er skilafrestur ársreikninga og endurskoðunargagna fyrir norrænu stofnanirnar þrjár til Ríkisendurskoðunar settur þann 15. febrúar á eftirfarandi reikningsári.

Við höfum þó séð ýmsa vankanta á innsendum bókhaldsgögnum. Greint er frá þeim hér fyrir neðan:

Texta skortir á fylgiskjölum

8. Endurskoðunin sýndi að enn skortir texta á fylgiskjölum Norðurlandaráðs með stórum hluta færslna í bókhaldskerfinu fyrir bókhald Norðurlandaráðs, eins og við einnig sáum í ársreikningi 2019. Það flækir endurskoðun fylgiskjala og gerir



rakningu færslna ógagnsæja. Yfirferð okkar sýnir að minnst 24% (1.517 færslur) af öllum færslum reikningsárið 2020 skortir texta á fylgiskjöllum og enn fleiri hafa ekki fullnægjandi texta. Það telur Ríkisendurskoðun ekki vera samkvæmt góðri bókhaldsvenju.

Endurgreiðslu virðisaukaskatts ekki krafist

9. Norðurlandaráð getur fengið endurgreiddan virðisaukaskatt sem er greiddur í Danmörku. Endurskoðunin hefur leitt í ljós að Norðurlandaráð hefur ekki krafist endurgreiðslu virðisaukaskatts af útgjöldum sem hafa verið greidd með greiðslukortum, jafnvel þó að útgjöldin séu virðisaukaskattskyld og hafi farið fram í Danmörku. Við höfum ekki leitt í ljós hve háa upphæð vanræksla Norðurlandaráðs varðandi endurgreiðslu virðisaukaskatts varðar. Afleiðingin er sú að útgjöld hafa verið færð til gjalda í bókhaldi ársins 2020, sem hægt er að fá endurgreidd og geta þar með lækkað útgjöld ársins 2020. Norðurlandaráð hefur upplýst að á árinu 2021 verði farið yfir útgjöld ársins 2020 í því skyni að leita eftir endurgreiðslu í kjölfarið.

Ríkisendurskoðunin setur fram eftirfarandi tvær ábendingar varðandi þessi atriði:

Við mælumst til að Norðurlandaráð sjái almennt til þess, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, að lagi verði komið á ofangreindar villur og vandamál sem varða árið 2020, til þess að þau færist ekki áfram til reikningsársins 2021.

Við leggjum til, eins og við gerðum í endurskoðunarskýrslu ársins 2019, að Norðurlandaráð í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hrindi af stað ítarlegri yfirferð á verkferlum og vinnulagi og láti fram fara eftirlit sem tryggi til framtíðar að ofangreind vandamál haldi ekki áfram á reikningsskilatímabilum í framtíðinni.

Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðunin telji að ársreikningar 2020 gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að gefin verður út áritun endurskoðanda á ársreikningana án fyrirvara eða ábendinga.

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðunin telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningsskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan telst vera í lagi.

Eftirlitsnefnd hefur kynnt sér tillögur Ríkisendurskoðunar Danmerkur þess efnis að Norðurlandaráð:

sjái almennt til þess, í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina, að lagi verði komið á villur og vandamál sem varða árið 2020, til þess að þau færist ekki áfram til reikningsársins 2021.

í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina hrindi af stað ítarlegri yfirferð á verkferlum og vinnulagi og láti fram fara eftirlit sem tryggi til framtíðar að ofangreind vandamál haldi ekki áfram á reikningsskilatímabilum í framtíðinni.



Eftirlitsnefndin vill, líkt og í nefndarálitinu í fyrra, taka skýrt fram að Norðurlandaráð ber sjálfstæða ábyrgð á því að tryggja að góð og örugg vinnubrögð séu viðhöfð við reikningshald. Þrátt fyrir að Norræna ráðherranefndin annist reikningshaldið er Norðurlandaráð ekki undanþegið ábyrgð.

Norðurlöndum, 7. september 2021

Anders Kronborg (S)

Kaisa Juuso (NF)

Maria Stockhaus (M)

Per-Arne Håkansson (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (NGV)

Ole André Myhrvold (M)

Ruth Mari Grung (A)